

**43. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
15. ágúst 2016 og hófst hann kl. 16:30**

Fundinn sátu:

Sigríður Indriðadóttir formaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Valdís Eyjólfssdóttir varamaður og Svala Kristín Hreinsdóttir deildarstjóri skólapróunar og sérfræðiþjónustu.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, deildarstjóri skólapróunar og sérfræðiþjónustu.

Fyrir tekið:

1. 1608072 - Erindi skólastjóra, tilfærsla á skipulagsdögum 2016-2017

Starfsfólk Teigasels stefnir á náms- og kynnisferð vorið 2017. Til þess að það sé mögulegt óskar leikskólastjóri eftir tilfærslu á skipulagsdögum á skólaárinu 2016 - 2017.

Fyrirhuguð ferð er dagsett 19. til og með 21. apríl 2017.

Óskað er eftir að færa til daga sem hér segir:

*föstudaginn 9. september verður opið (áður auglýstur skipulagsdagur)

*mánudagurinn 20. febrúar verður opið (áður auglýstur skipulagsdagur)

Í staðinn verður :

*miðvikudagurinn 19. apríl lokað

*fimmtudagurinn 20. apríl er sumardagurinn fyrsti þá er alltaf lokað

*föstudaginn 21. apríl yrði einnig lokað.

Óskir um ofangreinar breytingar hafa verið lagðar fyrir foreldraráð skólans sem hefur samþykkt þær fyrir sitt leytí.

Á fundinn mættu Elín Theodóra Reynisdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna og Gunnur Hjálmsdóttir áheyrnarfulltrúi starfsmanna í leikskólum kl. 16:30

Ásthildur vék af fundi kl. 16:30.

Skóla- og frístundaráð samþykkir tilfærslu á skipulagsdögum í leikskólanum Teigaseli.

2. 1608071 - Starfsáætlun Tónlistarskólans á Akranesi 2016-2017

Guðmundur Óli Gunnarsson nýr skólastjóri Tónlistarskólans á Akranesi hóf störf 1. ágúst og hefur verið að setja sig inn í aðstæður skólans, skólasamfélagsins á Akranesi og samstarfsaðila í Hvalfjarðarsveit.

Ásthildur mætti aftur til fundar kl. 16:41.

Gunnur og Elín viku af fundi kl. 16:41.

Guðmundur Óli Gunnarsson nýráðinn skólastjóri Tónlistarskólans á Akranesi mætti á fundinn kl. 16:41.

Farið var yfir drög að starfsáætlun Tónlistarskólans á Akranesi skólaárið 2016-2017.

4

VHS

22

DH

3. 1606058 - Afreksíþróttasvið samstarfssamningur 2016-2018

Skólaárið 2015-2016 var stofnuð ný námsbraut, afreksíþróttasvið, við Fjölbautaskóla Vesturlands (FVA). Samstarfssamningur var gerður milli Akraneskaupstaðar, FVA og ÍA um afreksíþróttasvið við FVA. Aðsókn í námsbrautina afreksíþróttasvið var góð en boðið var upp á sex valgreinar innan sviðsins. Samkvæmt fyrstu drögum að starfsáætlun fyrir skólaárið 2016-2017 þá er á áætlun að bjóða upp á fjórar íþróttagreinar á sviðinu. Nú liggja fyrir drög að nýjum samstarfssamning 2016-2018 sem nær óbreyttur frá fyrri samning.

Lögð voru fram drög að samstarfssamningi FVA, ÍA og Akraneskaupstaðar um afreksíþróttasvið við FVA 2016-2018 og drög að starfsáætlun fyrir skólaárið 2016-2017. Skóla- og fristundaráð samþykkir samninginn efnislega og vísar honum til afgreiðslu í bæjarráði.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

Sigríður Indriðadóttir
Sigrún I. Guðnadóttir
Astríður Ósk Rognarsd.
Valdís Egíðsdóttir
Kristinn H. Sænasson